

Mál nr. 3

Knattspyrnudeild knattspyrnufélagsins Reynis, Sandgerði

gegn

Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þróttar, Neskaupstað

Kæra Reynis:

Knattspyrnudeild knattspyrnufélagsins Reynis Sandgerði kærir hér með knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þróttar Neskaupstað fyrir að hafa notað ólöglegan leikmann í leik félagann í 3. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu sem fram fór á Sandgerðisvelli þann 19. maí s.l.

Dómstkröfur:

Þess er krafist að leikurinn verði dæmdur tapaður fyrir Þrótti, Neskaupstað með markatölunni 0-3 og félagið láti sæta ábyrgð samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Málsatvik:

Um málsatvik er vísað til leikskýrslu á dómskjali nr. 2 en þar kemur fram að hið kærða félag Þróttur Neskaupstað notaði leikmanninn Vilberg Marinó Jónasson kt. 010672-5389 (skráður Vilberg Jónasson á leiksskýrslu) í framangreindum leik liðanna þann 19.5. s.l. Samkvæmt skeyti Aganefndar KSÍ frá 12. september 1995 á dómskjali nr. 3 var áður nefndur leikmaður úrskurðaður í eins leiks bann, sem var útttekið við upphaf keppnistímabils 1996. Af þeim ástæðum er lið hins kærða félag ólöglega skipað og Reyni Sandgerði nauðugur sá kostur að læra vegna umrædds brots.

Lagatílvísanir:

Vísað er til greinar 4.4.1. og 4.5.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Sandgerði 24.5. 1996

F.h. knattspyrnudeildar Knattspyrnufélagsins Reynis
Sigurður Jóhannsson

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness:

Álit dómsins:

Óumdeilt er að málinu að Vilberg Jónasson lék með varnaraðila í umræddum leik eins og leikskýrsla ber með sér. Á sama tíma var Vilberg í leikbanni skv. úrskurði aga-nefndar KSÍ 12. september 1995. Varnaraðila var tilkynnt um úrskurð aganefndar með símskeyti dags. 12. september 1995.

Með vísan til 4.4.1. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og samkvæmt framansögðu telst lið varnaraðila hafa tapað umræddum leik með markatölunni 0-3. Samkvæmt ákvæði 4.5.3. gr. skal dæma varnaraðila þegar svona stendur til greiðslu sektar sem renni til KSÍ. Með vísan til þessa og eins og mál þetta er vaxið greiði varnaraðili sekt að fjárhæð kr. 78.500,- til KSÍ.

Dómsorð:

Leikur knattspyrnufélagsins Reynis, knattspynudeild og Íþróttafélagsins Þróttar, knattspynudeild í 3. deild karla á Íslandsmóttinu í knattspyrnu, sem fram fór á Sandgerðisvelli 19. maí 1996 dæmdist tapaður Íþróttafélaginu Þrótti, knattspynudeild, með markatölunni 0-3. Íþróttafélagið Þróttur, knattspynudeild, greiði kr. 78.500 í sekt sem renni til KSÍ.

Fleira ekki gert og dómþingi slitið.

Halldór Frímansson (sign)
Gunnlaugur Magnússon (sign)
Kári Gunnlaugsson (sign)

Aðilum er bent á grein 4.4.2., 2.tl. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem segir: “Ef dómi er áfrýjað, skal áfrýjun berast skrifstofu KSÍ áður en 7 dagar eru liðnir frá birtingu dómsins.”